

Fjármál hins opinbera 2011, bráðabirgðauppgjör

General government finances 2011, preliminary accounts

Samantekt Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 71,5 milljarða króna árið 2011 eða 4,4% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 154,6 milljarða króna árið 2010 eða 10% af landsframleiðslu, en án áfallinna ríkis-ábyrgða 2010 var hún neikvæð um 99 milljarða króna eða 6,5% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu um 680 milljörðum króna og hækkuðu um 42 milljarða króna milli ára eða um 6,6%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 41,7% samanborið við 41,5% 2010 og 41,1% 2009. Útgjöld hins opinbera voru 751 milljarður króna og lækkuðu um 41 milljarð króna milli ára eða 5,2%, úr 51,6% af landsframleiðslu 2010 í 46,1% 2011. Án áfallinna ríkisábyrgða jukust útgjöld hins opinbera hins vegar um tæpa 10 milljarða króna.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 144,5 milljarðar króna 2011 eða 8,9% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 115,6 milljarðar króna en hlutur heimila um 29 milljarðar eða 20%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 362 þúsundum króna og lækkuðu um 12 þúsund krónur milli ára, en frá árinu 2008 hafa þau lækkað um 52 þúsund krónur á mann á verðlagi 2011 eða 12,5%. Á árunum 2002 til 2008 voru þau svipuð á föstu verði eða á bilinu 405–415 þúsund krónur á verðlagi 2011.

Til fræðslumála var ráðstafað 129 milljörðum króna 2011 eða 7,9% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera um 117 milljarðar króna og hlutur heimilanna rúmlega 12 milljarðar króna eða 9,4%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 366 þúsund krónum og hafa þau lækkað um 48 þúsund krónur frá 2008 á verðlagi 2011 eða um tæplega 12%.

Til almannatrygginga og velferðarmála ráðstafaði hið opinbera 184 milljörðum króna 2011 eða 11,3% af landsframleiðslu (24,5% af heildarútgjöldum hins opinbera), en nokkur hækkun varð milli ára. Til þessara málaflokka ráðstafaði hið opinbera um 434 milljörðum króna árið 2011 eða 26,6% af landsframleiðslu og 57,8% af heildarútgjöldum þess.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var neikvæð um 810 milljarða króna í árslok 2011 eða sem svarar 49,7% af landsframleiðslu. Hún versnaði um 70 milljarða króna milli ára eða 1,5% af landsframleiðslu. Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.281 milljarði króna í árslok 2011 (78,6% af landsframleiðslu) og heildarskuldir 2.092 milljörðum króna (128,3% af landsframleiðslu).

Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda



frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Að lokum verður stuttlega vikið að peningalegum eignum og skuldum hins opinbera. En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum. Í töfluviðauka má sjá enska útgáfu af töflum þessa rits.


Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2011

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2011



Árið 2011 runnu 72% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 27,8% til sveitarfélaga (sjá mynd 1). Af tekjum ríkissjóðs runnu 35,5% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 153,2 milljarðar króna til almannatrygginga og 20,7 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 19,5% eða 146,5 milljarðar króna, sveitarfélaga 28,5% eða 213,9 milljarðar króna, og ríkissjóðs 52% eða 390,7 milljarðar króna.

Afkoma hins opinbera


Tekjuhalli hins opinbera nam 4,4% af landsframleiðslu 2011 samanborið við 6,5% 2010 (án áfallinna ríkisábyrgða)

Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð 71,5 milljarða króna árið 2011 eða sem nemur 4,4% af landsframleiðslu og 10,5% af tekjum þess. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 154,6 milljarða króna árið 2010 eða 10,1% af landsframleiðslu, en án áfallinna ríkisábyrgða 2010 var hún neikvæð um 99 milljarða króna eða 6,5% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2011 skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, en skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 51 milljarð króna milli ára en aðrar tekjur drógust saman um ríflega 5

milljarða króna. Á sama tíma drógust útgjöld hins opinbera saman um 41 milljarð króna milli ára, en án áfallinna ríkisábyrgða jukust útgjöld hins opinbera hins vegar um tæpa 10 milljarða króna. Þar af vógu þyngst félagslegar tilfærslur sem jukust um ríflega 14 milljarða króna og samneysluútgjöld sem jukust um svipaða fjárhæð milli ára. Á móti þessari útgjaldaaukningu drógust vaxtaútgjöld saman um ríflega 9 milljarða króna og fjárfesting um 8,3 milljarða króna.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans að sjálfsögðu miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2011 er áætlaður tekjuhali ríkissjóðs um 69 milljarðar króna eða 4,2% af landsframleiðslu, samanborið við um 143,6 milljarða króna 2010 og um 9,4% af landsframleiðslu (án áfallinna ríkisábyrgða 2010 var tekjuhallinn 88 milljarðar króna eða 5,7% af landsframleiðslu).

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2005–2011

Table 1. General government finances 2005–2011

Í milljörðum króna In billion ISK	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i>	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	679,6
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	433,3	486,6	553,1	853,7	763,3	791,9	751,0
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	50,2	73,8	70,7	-200,2	-149,0	-154,6	-71,5
Hlutfall af VLF Per cent of GDP							
Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i>	47,1	48,0	47,9	44,1	41,1	41,5	41,7
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	42,2	41,7	42,5	57,6	51,0	51,6	46,1
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	4,9	6,3	5,4	-13,5	-10,0	-10,1	-4,4
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	4,4	5,3	3,9	-12,9	-8,3	-9,4	-4,2
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	0,1	0,3	0,6	-0,9	-1,0	-0,8	-0,3
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	0,4	0,7	0,9	0,3	-0,7	0,1	0,1

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tekjuhalli sveitarfélaga var um 5 milljarðar króna 2011 samanborið við um 13 milljarða króna 2010

Áætlaður tekjuhalli sveitarfélaga árið 2011 er um 5 milljarðar króna eða 0,3% af landsframleiðslu og 2,3% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli þeirra um 13 milljarðar króna árið 2010 eða 0,8% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaganna hækkuðu um 16,5 milljarða króna milli ára og aðrar tekjur um ríflega 1 milljarð króna, en fjárframlög frá ríkissjóði drógust lítillega saman. Á sama tíma jukust samneysluútgjöld þeirra um 10,5 milljarða króna, en fjárfesting dróst hins vegar saman um rúmlega 2 milljarða króna.


Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 41,7% af landsframleiðslu árið 2011 og hækkuðu lítillega milli ára.

Tekjur hins opinbera námu um 680 milljörðum króna árið 2011 og hækkuðu um 42 milljarða króna milli ára eða 6,6%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 41,7% samanborið við 41,5% 2010 og 41,1% árið 2009. Hæst mældust tekjur hins opinbera árin 2007 og 2008 eða um 48% af landsframleiðslu. Tekjur ríkissjóðs lækkuðu úr 30,6% af landsframleiðslu 2010 í 30,1% 2011, en tekjur sveitarfélaga hækkuðu hins vegar lítillega eða úr 12,5% af landsframleiðslu í 12,7%. Tekjur almannatrygginga námu 9,5% af landsframleiðslu árið 2011 og hækkuðu um 0,2 prósentustig milli ára.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2005–2011

Table 2. General government total revenue 2005–2011

Í milljörðum króna In billion ISK	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Hið opinbera General government	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	679,6
Ríkissjóður Central government	363,6	412,8	454,6	476,9	447,4	470,8	495,7
Sveitarfélög Local governments	130,7	161,2	185,3	193,4	189,3	192,6	210,0
Almannatryggingar Social security funds	81,2	90,8	103,3	113,2	133,6	142,9	154,5
Hlutfall af VLF Per cent of GDP							
Hið opinbera General government	47,1	48,0	47,9	44,1	41,1	41,5	41,7
Ríkissjóður Central government	35,4	35,3	34,7	32,2	29,9	30,7	30,4
Sveitarfélög Local governments	12,7	13,8	14,2	13,0	12,7	12,6	12,9
Almannatryggingar Social security funds	7,9	7,8	7,9	7,6	8,9	9,3	9,5

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 585 milljörðum króna 2011 eða 35,5% af landsframleiðslu

Ef megintekjustofnar hins opinbera eru skoðaðir, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárframlög og aðrar tekjur, sést að skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 585 milljörðum króna árið 2011 eða 86% tekna þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa skatttekjur og tryggingagjöld hækkað úr 35,0% af landsframleiðslu árið 2010 í 35,9% árið 2011, en hæst mældist þetta hlutfall árið 2006 er það var 41,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur hins opinbera, eins og sölu- og eignatekjur, hafa hins vegar dregist nokkuð saman milli ára. Árið 2011 skiluðu þær hinu opinbera um 92 milljörðum króna eða 5,6% af landsframleiðslu, en samsvarandi hlutfall var 6,3% árið 2010.

Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2005–2011

Table 3. General government main income types 2005–2011


Í milljörðum króna In billion ISK	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Heildartekjur Total revenue	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	679,6
Skatttekjur Taxes	383,7	445,4	490,5	500,8	459,9	474,1	515,8
Tryggingagjöld Social contributions	32,8	38,4	39,6	41,6	45,9	63,6	68,9
Fjárframlög Grants	1,2	1,4	1,1	1,5	2,2	2,4	2,9
Aðrar tekjur Other revenue	65,9	75,2	92,6	109,6	106,3	97,2	91,9
Hlutfall af VLF Per cent of GDP							
Heildartekjur Total revenue	47,12	47,98	47,93	44,10	41,08	41,54	41,69
Skatttekjur Taxes	37,39	38,13	37,69	33,79	30,76	30,90	31,64
Tryggingagjöld Social contributions	3,19	3,29	3,04	2,81	3,07	4,15	4,23
Fjárframlög Grants	0,11	0,12	0,09	0,10	0,14	0,16	0,18
Aðrar tekjur Other revenue	6,42	6,44	7,11	7,40	7,11	6,34	5,64

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera ríflega 267 milljörðum króna árið 2011 (sjá töflur 4 og 14) eða um 45,7% skatttekna og tryggingagjalda en það svarar til 16,4% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu 193,5 milljörðum króna eða 33% þessara tekna og um 11,9% af landsframleiðslu. Þar af gaf virðisaukaskatturinn rúmlega 127 milljarða króna eða 7,8% af landsframleiðslu.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government main taxes as per cent of GDP



Eignaskattar hins opinbera námu 35,5 milljörðum króna árið 2011 (2,2% af landsframleiðslu) og vógu fasteignaskattar þar þyngst, en áætlað er að þeir hafi skilað hinu opinbera um 27,4 milljörðum króna það ár eða lítið eitt hærri fjárhæð en árið áður.

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 6,9 milljörðum króna á árinu 2011 eða 0,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru um 92 milljarðar króna árið 2011 og lækkuðu um 5,3 milljarða króna milli ára, en lækkunin kom mest fram í eignatekjum hins opinbera, þ.e. vaxta- og arðgreiðslum, sem námu 35,3 milljörðum króna á árinu. Sala á vöru og þjónustu hækkaði hins vegar um 2 milljarða og nam um 51 milljarði króna.

Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2005–2011

Table 4. General government taxes and social contributions 2005–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Skattar og tr.gjöld <i>Taxes and social contrib.</i>	40,6	41,4	40,5	36,6	33,8	35,0	35,9
Skattar á tekjur og hagnað <i>Taxes on income</i>	17,6	18,3	18,4	17,8	16,0	15,6	16,4
Skattar á launagreiðslur <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2
Eignaskattar <i>Taxes on property</i>	2,6	2,1	2,4	2,2	2,1	2,3	2,2
Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on G&S</i>	16,7	17,2	16,0	13,2	11,7	12,0	11,9
Skattar á alþ.viðskipti <i>Taxes on intern. trade</i>	0,3	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,2	0,1	0,1	0,1	0,4	0,4	0,6
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,2	3,3	3,0	2,8	3,1	4,1	4,2

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2005–2011

Table 5. The general government tax on income and profits 2005–2011

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	180,2	213,6	241,4	263,5	239,9	239,7	267,2
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	145,4	163,3	180,1	195,6	192,3	197,3	198,1
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	20,3	28,1	32,6	28,5	26,5	14,6	25,9
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	14,5	22,3	28,8	39,3	21,1	27,7	23,9
Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	17,56	18,29	18,55	17,78	16,04	15,62	16,39
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	14,17	13,98	13,84	13,20	12,86	12,86	12,15
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	1,98	2,40	2,50	1,92	1,77	0,95	1,59
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	1,41	1,91	2,21	2,65	1,41	1,81	1,46

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera lækkuðu úr 51,6% af landsframleiðslu árið 2010 í 46,1% árið 2010

Útgjöld hins opinbera eru áætluð um 751 milljarður króna árið 2011 og lækkuðu um 41 milljarð króna milli ára, eða úr 51,6% af landsframleiðslu 2010 í 46,1% 2011. Séu áfallnar ríkisábyrgðir vegna lánasjóða og bankanna undanskildar hækkuðu útgjöld hins opinbera hins vegar um 10 milljarða króna milli ára. Í þeirri hækkun vógu þyngst félagslegar tilfærslur en þær jukust um ríflega 14 milljarða króna milli ára og samneysluútgjöldin sem jukust um svipaða fjárhæð. Á móti þessari útgjaldaaukningu drógust vaxtaútgjöld saman um ríflega 9 milljarða króna og fjárfesting um 8,3 milljarða króna. Þessi útgjaldahækkun endurspeglar einnig í

útgjöldum ríkissjóðs, en séu áfallnar ríkisábyrgðir undanskildar voru útgjöldin nánast þau sömu í krónum talið bæði árin.

Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2005–2011

Table 6. The general government expenditure 2005–2011


Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Hið opinbera <i>General government</i>	433,3	486,6	553,1	853,7	763,3	791,9	751,0
Ríkissjóður <i>Central government</i>	318,0	350,9	403,2	668,6	571,1	614,4	564,6
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	129,7	157,4	177,3	206,3	204,2	205,5	214,9
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	77,6	82,7	92,0	108,8	144,1	141,0	152,1
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Hið opinbera <i>General government</i>	42,2	41,7	42,5	57,6	51,0	51,6	46,1
Ríkissjóður <i>Central government</i>	31,0	30,0	31,0	45,1	38,2	40,0	34,6
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,6	13,5	13,6	13,9	13,7	13,4	13,2
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,6	7,1	7,1	7,3	9,6	9,2	9,3

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Heildarútgjöld sveitarfélaga jukust um ríflega 9 milljarða króna milli ára, en samneysluútgjöld þeirra hækkuðu um 10,5 milljarða króna á sama tíma og fjárfestingin dróst saman um 2 milljarða króna. Útgjöld almannatrygginga hækkuðu um 11 milljarða króna milli ára, sem skýrist fyrst og fremst af auknum félagslegum tilfærslum sem jukust um 8,4 milljarða króna, en heildarútgjöld almannatrygginga 2011 námu um ríflega 150 milljörðum króna eða 9,2% af landsframleiðslu.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádræginni sölu á vöru og þjónustu, námu um 411 milljörðum króna árið 2011 eða sem svarar 25,2% af landsframleiðslu. Þau hækkuðu um ríflega 12 milljarða króna milli ára en lækkuðu sem hlutfall af landsframleiðslu um 0,7 prósentustig og að magni til um 0,5%. Launaútgjöldin námu 236 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu um 191 milljarði króna og afskriftir 35 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vöru og þjónustu að fjárhæð 51 milljarðar króna.

Fjárfestingarútgjöld hins opinbera drógust nokkuð saman á árinu 2011, en þau námu 36,4 milljörðum króna og lækkuðu um ríflega 8 milljarða króna milli ára og urðu 2,2% af landsframleiðslu. Fjárfesting ríkissjóðs lækkaði um rúmlega 6 milljarða króna og fjárfesting sveitarfélaga um 2 milljarða.

Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2005–2011

Table 7. The general government expenditure by economic type 2005–2011


Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	42,2	41,7	42,3	57,6	51,0	51,6	46,1
Laun <i>Wages and salaries</i>	15,6	15,3	14,8	14,6	15,0	14,8	14,5
Kaup á vöru og þjón. <i>Use of goods & services</i>	10,7	10,6	10,8	11,6	12,5	12,2	11,7
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	2,2	2,2	2,6	3,3	6,6	5,5	4,6
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	2,0	1,7	1,8	1,8	1,9	1,8	1,7
Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	6,2	5,7	5,8	6,1	8,2	7,9	8,3
Önnur tilfærsluútgjöld <i>Other expenditure</i>	2,3	2,1	2,2	15,5	3,0	6,2	2,7
Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i>	3,1	3,9	4,2	4,5	3,5	2,9	2,2

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 212 milljörðum króna árið 2011 eða 13% af landsframleiðslu. Lækkuðu þau um ríflega 36 milljarð króna milli ára, en hækkuðu um 14 milljarða króna séu áfallnar ríkisábyrgðir undanskildar. Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem námu um 135 milljörðum króna árið 2011, hækkuðu um ríflega 14 milljarða króna milli ára, en aðrir tilfærsluliðir hækkuðu lítillega að fjármagnstilfærslum undanskildum.

Mynd 6. Þrjú stærstu málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP



Vaxtagjöld hins opinbera námu um 76 milljörðum króna 2011 eða 4,6 % af landsframleiðslu

Vaxtaútgjöld hins opinbera lækkuðu allnokkuð árið 2011 en þau námu um 76 milljörðum króna, samanborið við um 85 milljarða 2010 og um 99 milljarða króna 2009. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu vaxtagjöld hins opinbera 4,6% árið 2011 og sem hlutfall af tekjum ríflega 11%.

Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru viðamestu málaflokkar hins opinbera og taka til sín 26,6 % af landsframleiðslu 2011

Útgjöldum hins opinbera má einnig skipta í málaflokka eins og stjórnsýslu, lög-gæslu, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar, velferðarmál o.s.frv. Í töflu 20 í töfluviðaukanum eru meginmálaflokkar opinberra útgjalda á árunum 2003–2010 sýndir sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er unnt að sýna þessa ýtarlegu flokkun (COFOG-flokkun) fyrir árið 2011 því að sundurliðuð upp-gjör ríkissjóðs og sveitarfélaga liggja ekki fyrir nú. Útgjöld til heilbrigðis- og menntamála eru þó metin út frá þeim bráðabirgðatölum sem tiltækar eru.

Til heilbrigðis-, fræðslu- og almannatrygginga og velferðarmála var ráðstafað um 434 milljörðum króna árið 2011 eða 26,6% af landsframleiðslu og 57,8% af heildarútgjöldum hins opinbera. Hrein opinber útgjöld til heilbrigðismála námu 115,6 milljörðum króna, til fræðslumála 117 milljörðum króna og til almanna-trygginga og velferðamála 184 milljörðum króna. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis- og fræðslumála í köflunum hér á eftir.¹

Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,1% af landsframleiðslu árið 2011

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2011 námu 115,6 milljörðum króna² eða 7,1% af landsframleiðslu og hækkuðu um 1 milljarð króna milli ára, en lækkuðu hins vegar um 0,4 prósentustig af landsframleiðslu. Á þennan mælikvarða hafa þau ekki mælst lægri í einn og hálfan áratug. Langstærsti hluti heilbrigðis-útgjalda hins opinbera eru samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vöru og þjónustu, en þau nema um 97% útgjaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2011 fara um 15,4% til heilbrigðismála.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2005–2011

Table 8. The general government expenditure on health 2005–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2001	2004	2007	2009	2010	2011 ¹
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health²</i>	7,16	7,56	8,02	7,50	7,91	7,47	7,09
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,78	0,75	0,85	0,70	0,91	0,82	0,76
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,15	1,35	1,50	1,39	1,48	1,43	1,42
3. Sjúkrahúsaþjónusta <i>Hospital services</i>	5,02	5,24	5,43	5,16	5,27	4,96	4,71
4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i>	0,05	0,05	0,05	0,06	0,05	0,05	0,05
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,17	0,17	0,20	0,19	0,20	0,21	0,16

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8 en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 23 í töfluviðauka. Árið 2011 var ráðstafað 4,7% af landsframleiðslu til sjúkrahúsaþjónustu, eða um 77 milljörðum króna og var hækkunin milli ára 0,7 milljarður króna. Þar af var hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu um 70,4% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu 27,2%. Til heilsugæslu (þjónusta við ferlisjúklinga) runnu rúmlega 23 milljarðar króna 2011 eða um 1,4% af landsframleiðslu. Aukningin milli ára 1,1 milljarðar króna. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð um 12,3 milljarðar króna, en það nemur um 10,7% opinberra útgjalda til heilbrigðismála, eða um 0,8% af landsframleiðslu.

¹ Varðandi umfjöllun um aðra málaflokka fyrir árið 2010 og eldri ár er vísað til 13. tölublaðs 96. árgangs Hag-tíðinda frá 12. september 2011.

² Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2011Table 9. *The expenditure on health 1998-2011*

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Heilb.útgj.-staðvirt ¹ <i>Health exp. in fixed prices¹</i>	Heilb.útgj.-staðvirt á mann ¹ <i>Health exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House-holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	7,91	1,72	9,63	17,8	109,5	108,2
2000	7,70	1,80	9,50	18,9	110,4	107,5
2001	7,56	1,78	9,34	19,0	113,1	108,6
2002	8,31	1,84	10,15	18,1	120,4	114,6
2003	8,48	1,90	10,38	18,3	121,7	115,2
2004	8,04	1,86	9,89	18,8	122,6	114,7
2005	7,68	1,76	9,44	18,6	123,6	114,4
2006	7,48	1,65	9,13	18,0	126,3	113,7
2007	7,54	1,60	9,14	17,5	132,8	116,8
2008	7,56	1,59	9,15	17,4	137,0	117,5
2009	7,91	1,74	9,65	18,0	132,6	113,7
2010	7,47	1,82	9,29	19,6	125,9	108,4
2011	7,09	1,77	8,87	20,0	123,6	106,1

¹ Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption.*

Í töflu 23 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru ríflega 362 þúsund krónur á mann 2011 og lækkuðu um 12 þúsund krónur milli ára, en frá 2008 hafa þau lækkað um 52 þúsund krónur á mann á verðlagi 2011 eða um 12,5%. Á árunum 2002 til 2008 voru þau aftur á móti svipuð á föstu verði eða á bilinu 405–415 þúsund krónur á verðlagi 2011. Á árinu 2011 var kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 169,5 þúsund krónur á mann, vegna heilsugæslu 72,5 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar 65,4 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpartækja 38,7 þúsund krónur á mann.

144,5 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2011, eða 8,9% af landsframleiðslu

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2011, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2011 nam heilbrigðiskostnaður um 8,9% af landsframleiðslu, en það samsvarar 144,5 milljörðum króna. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 20% útgjaldanna 2011 voru fjármöggnuð af heimilunum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um nærri 24% frá árinu 1998 og rúmlega 6% á mann, en mæld á þann veg hafa þau ekki mælst lægri síðan árið 1998.

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2011 námu um 117 milljörðum króna, eða 7,2% af landsframleiðslu

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 117 milljörðum króna á árinu 2011¹ eða 7,2% af landsframleiðslu (sjá töflu 10). Í krónum talið hafa þau nánast verið óbreytt síðustu þrjú árin. Tæplega helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins eða 56 milljarðar króna, og nam hækkunin milli ára um 2 milljarða króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 23,4 milljarðar króna, eða 1,4% af landsframleiðslu og drógust útgjöldin saman um 1,7 milljarða króna

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

milli ára sem skýrist meðal annars af minni framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð eða um 20 milljarða króna og hækkuðu útgjöldin um 0,6 milljarða króna frá 2010. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 11,6 milljörðum króna 2011 og hækkuðu um 0,4 milljarða króna milli ára. Afgangurinn, 5,2% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórnunar- og heildarútgjöldum hins opinbera 2011 fara um 16,2% til fræðslumála.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2005–2011

Table 10. The general government expenditure on education 2005–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
Fræðsluútgjöld alls <i>Expenditure on education</i> ²	7,59	7,55	7,36	7,55	7,82	7,61	7,17
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,51	0,62	0,67	0,75	0,79	0,73	0,71
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,82	3,76	3,62	3,62	3,67	3,53	3,44
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,38	1,38	1,29	1,24	1,37	1,29	1,20
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,45	1,36	1,39	1,54	1,60	1,63	1,43
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,19	0,19	0,21	0,25	0,27	0,28	0,25
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,24	0,24	0,18	0,15	0,13	0,14	0,13

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Kaup heimila á fræðsluþj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2011

Table 11. The expenditure on education 1998–2011

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðslu.útgj.- staðvirt ¹ <i>Edu. exp. in fixed prices¹</i>	Fræðslu.útgj.- staðvirt á mann ¹ <i>Edu. exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House-holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0	100,0
1999	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5	102,2
2000	6,67	0,71	7,38	9,6	106,2	103,5
2001	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5	110,9
2002	7,64	0,81	8,44	9,6	123,5	117,6
2003	7,55	0,89	8,44	10,6	121,8	115,3
2004	7,47	0,84	8,32	10,2	127,7	119,5
2005	7,59	0,84	8,43	9,9	136,2	126,0
2006	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6	127,4
2007	7,36	0,77	8,13	9,5	145,0	127,5
2008	7,55	0,71	8,26	8,6	151,6	130,0
2009	7,82	0,74	8,56	8,7	144,9	124,3
2010	7,61	0,75	8,36	9,0	139,9	120,4
2011	7,17	0,74	7,91	9,4	135,6	116,4

¹ Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption.*

Í töflu 24 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru ríflega 366 þúsund krónur á mann árið 2011 og hafa þau lækkað um 48 þúsund krónur frá 2008 á verðlagi 2011 eða um tæplega 12%. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla tæplega 176 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla ríflega 61 þúsund krónur og vegna háskólastigs rúmlega 72 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig

pungt. Tilfærslur, sem eru að mestu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, voru um 5,6% útgjaldanna og lækkuðu verulega milli ára.

Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 7,9% af landsframleiðslu, eða 129 milljörðum króna

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 7,9% af landsframleiðslu árið 2011, en það samsvarar 129 milljörðum króna. Síðustu þrjú árin hafa útgjöld til fræðslumála verið svipuð í krónum talið, en þau hækkuðu nokkuð milli árána 2008 og 2009. Um 9,4% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum og hefur sú hlutdeild hefur aukist síðustu tvö árin. Fræðsluútgjöldin á föstu verði¹ hafa lækkað verulega síðustu þrjú árin, en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt. Vöxturinn frá 1998 á föstu verði er 35,6% eða 16,4% á mann.

Almannatryggingar og velferðarmál

Undir almannatryggingar og velferðarmál falla félagslegar tilfærslur til einstaklinga og ýmis konar velferðarþjónusta

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla annars vegar ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysi, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins.

Hið opinbera ráðstafaði 184 milljörðum króna til almannatrygginga og velferðarmála 2011, eða 11,3% af landsframleiðslu

Lausleg áætlun gerir ráð fyrir að hið opinbera hafi ráðstafað 184 milljörðum króna til þessa málaflokks 2011 eða 11,3% af landsframleiðslu og hækka útgjöldin um 0,3% af landsframleiðslu. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2011 fara 24,5% til þessa málaflokks. Í töflu 25 eru frekari upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála, en þar sem ekki liggur fyrir ýtarleg sundurgreining á útgjöldum almannatrygginga nú er ekki unnt að flokka útgjöld ársins 2011 með ofangreindum hætti. Umfjöllun um árið 2010 og eldri ár má finna í 13. tölublaði 96. árgangs Hagtíðinda frá 12. september 2011 og í 94. árgangs Hagtíðinda frá 19. nóvember 2009, sem fjallar sérstaklega um almannatryggingar og velferðarmál.

Tafla 12. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2004–2010

Table 12. The general government expenditure on social protection 2004–2010

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i>	9,45	9,07	8,30	8,51	8,90	11,30	11,19
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,08	0,08	0,06	0,05	0,06	0,06	0,05
2. Örorka og fötlun <i>Disability</i>	2,23	2,18	2,12	2,16	2,35	2,73	2,73
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,57	2,66	2,20	2,23	2,23	2,23	2,11
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	2,62	2,46	2,50	2,58	2,54	2,78	2,73
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	0,52	0,36	0,25	0,24	0,37	1,72	1,65
7. Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	0,83	0,75	0,64	0,61	0,68	0,98	1,06
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,23	0,20	0,17	0,28	0,31	0,39	0,44
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,34	0,37	0,32	0,35	0,34	0,40	0,40

¹ Fræðsluútgjöld eru staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna. Með notkun launavísitölu kennara væri staðvirðingin nákvæmari.

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera hækkuðu um 101 milljarð króna á árinu 2011 og námu 1.281 milljarði króna í árslok

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.281 milljarði króna í árslok 2011 eða sem nemur 78,6% af landsframleiðslu. Þær hækkuðu um 101 milljarð króna á árinu. Lánveitingar námu 166 milljörðum króna í árslok 2011 og lækkuðu um 106 milljarða króna milli ára. Sjóður og bankainnistæður hækkuðu hins vegar um 219 milljarða króna á árinu og námu um 584 milljörðum króna í árslok. Viðskiptakröfur voru 150 milljarðar króna í árslok og lækkuðu um ríflega 15 milljarða frá fyrra ári (sjá töflu 22 í töfluviðauka).

Heildarskuldir hins opinbera voru 2.092 milljarður króna 2011 eða 128,3% af landsframleiðslu

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 2.092 milljörðum króna í árslok 2011 eða rúmlega 128,3% af landsframleiðslu og hækkuðu um 171 milljarð króna á árinu, en hlutfall skulda af landsframleiðslu var 125,2% 2010 og 120% af landsframleiðslu árið 2009. Erlendar lántökur hækkuðu um 103 milljarða króna á árinu, en þær námu í árslok 484 milljörðum króna eða 29,7% af landsframleiðslu. Innendar lántökur námu 394 milljörðum króna í árslok og hækkuðu um 69 milljarða króna á árinu. Af öðrum skuldum hins opinbera hækkuðu verðbréfaskuldir um 10 milljarða króna milli ára og námu 733 milljörðum króna í árslok. Þá lækkuðu viðskiptaskuldir hins opinbera samkvæmt lauslegu mati um 13 milljarða og voru í árslok 97 milljarðar króna.

Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 1998–2011


Table 13. The general government financial assets and liabilities 1998–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2001	2004	2007	2009	2010	2011 ¹
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	34,7	45,7	36,8	54,3	80,1	77,0	78,6
Skuldir <i>Liabilities</i>	77,3	75,0	64,5	53,3	120,0	125,2	128,3
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	16,3	10,6	11,5	9,6	41,8	47,1	44,9
Lántökur <i>Loans</i>	28,2	33,3	22,7	18,9	46,3	46,0	53,9
Innendar lántökur <i>Domestic loans</i>	6,2	4,7	4,8	5,6	19,2	21,2	24,2
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	22,0	28,6	17,9	13,3	27,1	24,8	29,7
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	25,6	25,6	25,7	20,5	25,3	25,0	23,6
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	7,1	5,4	4,6	4,3	6,6	7,2	6,0
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-42,6	-29,2	-27,7	1,0	-39,9	-48,3	-49,7

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 810 milljarða króna í árslok 2011 eða sem svarar 49,7% af landsframleiðslu. Staðan versnaði um 70 milljarða króna milli ára eða um 1,5% af landsframleiðslu. Í árslok 2009 var hrein peningaleg eignastaða hins opinbera neikvæð um 39,9% af landsframleiðslu og í árslok 2008 26%, en hún var jákvæð um 1,1% af landsframleiðslu 2007. Veruleg umskipti hafa því verið á skömmum tíma. Hrein peningaleg eignastaða ríkissjóðs og almannatrygginga var neikvæð um 43,6% af landsframleiðslu árið 2011 og hrein peningaleg eignastaða sveitarfélag neikvæð um 6,1% af landsframleiðslu. Í árslok 2010 var hún neikvæð um 6,2% af landsframleiðslu og í árslok 2007 um 1,4%.

Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera.

English summary

In 2011, the financial balance of the general government was 71.5 billion ISK in deficit or 4.4% of GDP, which can be compared with a deficit of 10% of GDP for 2010 or deficit of 6.5% if called guarantees are excluded (see figure 2). The reduced deficit in 2011 can be explained by 6.6% increase in revenue and 5.2% decrease in expenditure. The general government total revenue amounted to 41.7% of GDP in 2011, compared with 41.5% in 2010 and 41.1% in 2009. The general government total expenditure amounted to 46.1% of GDP in 2011 compared with 51.6% in 2010 and 51.0% in 2009. By excluding called guarantees, the total expenditure in 2011 increased by 0.6% of GDP.

In 2011, the total expenditure on health was 8.9% of GDP, of which 80% was financed by the general government and the rest by households. The health expenditure per capita was 362 thousand ISK in 2011 and has decreased by 52 thousand ISK (2011 prices) since 2008 or by 12.5% . The total expenditure on education was 129 billion ISK in 2011 or 7.9% of GDP, of which 90.6% was financed by the general government. The expenditure per capita was 366 thousand ISK in 2011 and has decreased by 48 thousand ISK from 2008 in 2011 prices. The total general government expenditure on social protection in 2011 was 184 billion ISK or 11.3% of GDP. In total, 57.8% of the general government total expenditure goes to these functions or 26.6% of GDP.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 810 billion ISK in 2011 or 49.7% of GDP. The deterioration from 2010 is 70 billion ISK or 1.5% of GDP. The general government total financial assets amounted to 1,281 billion ISK at the end of 2011 and the total liabilities, 2,092 billion ISK.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English at: www.statice.is/Statistics/National-accounts-and-public-fin/Public-finances. An English version of the tables is available in the Table Annex starting on page 28.

Tafla 14. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2003–2011

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
1 Heildartekjur	360.028	409.478	483.564	560.453	623.785	653.559	614.290	637.289	679.558
11 Skatttekjur	282.405	323.275	383.694	445.445	490.503	500.773	459.925	474.064	515.835
111 Skattar á tekjur og hagnað	134.551	149.749	180.170	213.633	241.378	263.455	239.890	239.664	267.181
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafli	490	516	324	390	1.519	2.243	2.470	2.827	2.862
113 Eignarskattar	18.894	22.723	26.405	24.660	30.860	32.039	31.163	35.455	35.514
114 Skattar á vöru og þjónustu	124.425	145.728	171.659	200.561	209.542	195.018	174.890	184.179	193.494
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.681	3.086	3.539	4.621	5.446	5.864	5.309	5.952	6.919
116 Aðrir skattar	1.366	1.474	1.597	1.579	1.758	2.153	6.203	5.988	9.865
12 Tryggingagjöld	26.053	28.364	32.777	38.414	39.594	41.644	45.912	63.599	68.914
13 Fjárframlög	1.033	1.286	1.157	1.386	1.112	1.502	2.156	2.403	2.881
131 Frá erlendum opinberum aðilum	40	38	40	26	–	–	–	–	–
132 Frá alþjóðastofnunum	993	1.248	1.117	1.360	1.112	1.502	2.156	2.403	2.881
133 Frá opinberum aðilum	–	–	–	–	–	–	–	–	–
14 Aðrar tekjur	50.537	56.553	65.936	75.208	92.577	109.640	106.297	97.223	91.927
141 Eignatekjur	17.861	19.690	26.171	33.412	46.094	57.047	53.364	39.990	35.302
142 Sala á vöru og þjónustu	29.139	32.380	35.921	37.605	41.029	47.491	46.485	48.930	50.931
143 Sektir og skaðabætur	1.071	2.762	938	1.663	2.757	1.846	2.714	3.214	1.867
144 Frjáls fjárframlög	1.222	887	1.682	1.480	1.506	1.419	1.511	1.745	1.747
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	1.243	835	1.225	1.048	1.190	1.837	2.223	3.344	2.081
Heildargjöld (2+31)²	383.782	409.198	433.346	486.616	553.094	853.725	763.327	791.880	751.048
2 Rekstrarútgjöld	369.341	390.413	420.206	461.874	521.178	814.936	742.678	780.780	749.692
21 Laun	136.890	145.491	160.385	178.791	193.583	216.200	223.978	227.055	236.178
22 Kaup á vöru og þjónustu	95.335	102.694	109.472	123.363	141.446	171.386	187.459	186.892	190.645
23 Afskriftir	16.044	17.157	18.681	20.822	22.829	27.214	31.992	33.601	35.076
24 Vaxtagjöld	23.074	22.571	22.567	25.201	33.942	49.497	98.553	84.823	75.671
25 Framleiðslustyrkir	15.956	16.991	20.719	20.257	23.316	27.326	28.005	27.489	27.629
26 Fjárframlög	969	1.249	1.261	2.095	2.366	3.516	5.329	4.890	5.086
261 Til erlendra stjórnvalda	–	–	–	–	–	–	–	–	–
262 Til alþjóðastofnana	969	1.249	1.261	2.095	2.366	3.516	5.329	4.890	5.086
263 Til opinberra aðila	–	–	–	–	–	–	–	–	–
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	60.068	63.488	63.645	66.650	75.378	89.778	121.981	120.619	134.801
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ²	21.005	20.773	23.475	24.694	28.319	230.020	45.380	95.410	44.606
31 Fastafjárútgjöld	14.441	18.786	13.140	24.742	31.915	38.789	20.649	11.100	1.356
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	30.485	35.943	31.821	45.564	54.744	66.002	52.641	44.701	36.432
23 Afskriftir	-16.044	-17.157	-18.681	-20.822	-22.829	-27.214	-31.992	-33.601	-35.076
Tekjuafgangur / halli (1-2-31)	-23.755	280	50.218	73.837	70.692	-200.167	-149.037	-154.591	-71.491
32 Peningalegar eignir, hreyfingar	-10.936	17.955	6.373	163.574	92.341	324.406	77.627	34.260	–
3212 Sjóður og bankareikningar	1.904	7.701	31.014	42.375	27.443	62.337	44.541	110.155	–
3213 Verðbréf	-43	-31	-36	-8	-5	-3	3	199	–
3214 Veitt lán	-6.305	-26.171	17.046	85.745	12.605	212.848	-115.326	-92.512	–
3215 Hlutfé	-14.614	1.504	-66.522	17.001	31.391	2.359	139.652	44.468	–
3218 Viðskiptakröfur	8.121	34.951	24.871	18.461	20.906	46.865	8.757	-28.050	–
33 Skuldir, hreyfingar	12.819	17.675	-43.845	89.737	21.649	524.573	226.664	188.851	–
3313 Verðbréf	12.975	5.336	-1.542	4.959	11.622	157.559	314.408	96.879	–
33x4 Lántökur	-11.397	-6.075	-50.210	61.739	17.900	317.856	-92.955	60.511	–
3314 Innlendar lántökur	3.443	3.384	139	-852	28.371	282.154	-111.944	26.415	–
3324 Erlendar lántökur	-14.840	-9.459	-50.349	62.591	-10.471	35.702	18.989	34.096	–
3316 Líffeyrisskuldbindingar	5.661	5.380	5.507	5.545	-25.692	2.139	1.822	1.113	–
3318 Viðskiptaskuldir	5.580	13.033	2.400	17.495	17.819	47.018	3.388	30.348	–

¹ Bráðabirgðatölur. ² 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Ísland 2008 er meðtalin.

Tafla 15. Rekstrarreikningur ríkissjóðs árin 2003–2011

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ¹
1 Heildartekjur	268.032	306.851	363.568	412.839	454.588	476.903	447.448	470.802	495.650
11 Skatttekjur	207.585	240.338	288.301	327.982	357.360	360.148	321.362	336.083	361.313
